

Discover Truenorth ehf

Garðabær, 21. júlí 2025
202507-0016/I.M.B.
10.02.01

Efni: Leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við Kleifarvatn

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Discover Truenorth ehf., dagsett 4. júlí 2025, um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar í Reykjanesfólkvangi.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, **ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt**, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Leyfi sveitarfélagsins gæti þurft fyrir verkefninu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku í fjörunni sunnan Innristapa við Kleifarvatn dagana 26.-29. júlí 2025. Að verkefninu koma um 50 manns. Á tökustað í fjörunni verður sett upp tjald sem er 8x10m og ferðasalerni á kerru. Ekið verður að tökustað sem er á enda leiðar sem merkt er á korti sem fylgdi umsókninni. Tveir til þrír trukkar þurfa að aka einu sinni fram og til baka með búnað á tökustað og tveir pallbílar á stórum dekkjum aka með búnað til og frá tökustað. Fyrirhugað er að hreinsa för í fjörunni með hrífum, kústum og slóðadraga svæðið fyrir og eftir verkefnið með sexhjóli. Einnig verður notaður dróni við kvikmyndatökuna. Greinargerð með útlistun verkefnisins og korti sem sýnir leiðina í fjörunni og staðsetningu tökustaðar fylgdi umsókninni. Merkt er á korti hvar sk. millistopp verður fyrir bílana.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefnið hafi ekki áhrif á verndargildi né náttúrufar svæðanna. Verkefnið gæti haft tímabundin áhrif á gesti á meðan tökur standa yfir en hægt að draga úr þeim sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Discover Truenorth ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega vegna kvikmyndatöku við Kleifarvatn í Reykjanesfólkvangi sbr. lýsingu hér að ofan dagana 26.-29. júlí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Einungis skal aka að tökustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Allur akstur utan vega, annar en sá sem leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Önnur farartæki en þau sem leyfi þetta nær til er ekki heimilt að aka að tökustað í fjörunni.
- Takmarka skal akstur farartækjanna eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Að öðru leiti skal haga flugi drónans skv. reglugerð nr. 1360/2024.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllt

René Biasone

svæðissérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

teymisstjóri